

Verkfræðiskrifstofa Norðurlands

2020/12

Verkfræðiskrifstofa Norðurlands opnaði skrifstofu sína að Skipagötu 18 á Akureyri árið 1975.

Fyrirtækið hefur í gegnum tíðina komið að hönnun og byggingu margs og fjölbreytts húsnæðis hér á Akureyri m.a. röntgenstofu FSA, íbúða aldraðra við Víðilund og sundlaugarinnar í Glerárhverfi.

Árið 2011 eftir náið samstarf um langt skeið sameinaðist Verkfræðiskrifstofa Norðurlands fyrirtækinu EFLA og varð að EFLA Norðurland, það veitir núna alhliða ráðgjöf í verkfræði og tækni.

Meðal verkefna verkfræðiskrifstofunnar eru framkvæmdir tengdar byggingum, hitaveitum, vatnsveitum, fráveitum, gatna- og vegagerð, smávirkjunum, umhverfismálum og skipulagsmálum.

Þá sinnir EFLA Norðurland margvíslegum verkefnum tengd stjórnkerfum fyrir iðnfyrirtæki, veitur og virkjanir auk hönnunar raflagna, lýsingar- og tæknikerfa í byggingar og önnur mannvirki.

Skrifstofur EFLA Norðurland eru í dag til húsa að Glerárgötu 32 og starfa 22 hjá fyrirtækinu.

Afhendingin barst frá Braga Sigurðssyni starfsmanni EFLA Norðurland og er afhendingin sú fyrsta sem safninu hefur borist frá Verkfræðiskrifstofu Norðurlands.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

10. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Verkfræðistofa Norðurlands			2020 / 12
A-Verkfræðistofa Norðurlands			1987 - 1989
2020 - A / 1	1	1987- 1989 Hönnunargögn vegna röntgendeildar FSA.	Gögnum er haldið í þeirri röð sem þau bárust.
2020 - A / 1	2	1987- 1989 Hönnunargögn vegna sundlaugar í Glerárhverfi.	Gögnum er haldið í þeirri röð sem þau bárust.
2020 - A / 2	1	1988- 1989 Hönnunargögn vegna íbúða fyrir aldraða við Víðilund.	Gögnum er haldið í þeirri röð sem þau bárust.